

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

5. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn 05.11.'07 að Þverá í Eyja- og Miklaholtshreppi og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Jón Oddsson, Kolviðarnesi.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Benedikt Benediktsson, Saurum, boðaði forföll.

Halldór Jónsson formaður nefndarinnar bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Fundarstjóri var kosinn formaður.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi móttakið í október 2007 frá Trausta Skúlasyni, f.h. eigenda að jörðinni Syðra – Skógarnesi í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Í erindinu er óskað eftir skiptingu lands úr Syðra-Skógarnesi landnr. 136170, en jörðin er í eigu Trausta Skúlasonar og Guðríðar Kristjánsdóttur. Landið sem taka á úr Syðra Skógarneslandi (lnr. 136170) er 34,0 ha að stærð og er aðliggjandi lóð í eigu Björns Viðars Ellertssonar og Helenu Sjafnar Guðjónsdóttur en landnúmer þeirrar lóðar er 172540. Stærð núverandi lóðar Björns og Helenu (lnr.172540) er 24,0 ha en eftir stækkun hennar sem nemur 34,0 ha, verður lóð þeirra 58,0 ha að stærð.

Núverandi stærð lands Syðra Skógarness (lnr. 136170) er skv. skráum fasteignamats ríkisins 740,9 ha, en verður eftir skiptingu 706,9 ha.

Meðfylgjandi er hnitsettur uppdráttur dags. í október 2007, unnin af Ólafi Guðmundssyni, Akranesi.

Nefndin samþykkir erindið.

2. Erindi dags. 06.09.2007 frá Högna Gunnarssyni, Hjarðarfelli í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Sótt er um leyfi til að rífa eftirfarandi mannvirki á jörðinni Hvammi lnr. 136147 í Eyja- og Miklaholtshreppi:

- Hesthús byggt árið 1958, stærð 68,8 m².
- Haughús byggt árið 1952, stærð 25,8 m².

Ekki stendur til að reisa ný mannvirki á jörðinni í stað ofangreindra mannvirkja.

Samþykkt með þeim áskilnaði að viðkomandi eignir séu veðbandalausar skv. veðmálabókum sýslumanns.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

3. Erindi móttakið 31.08.2007 frá Fulltingi, lögfræðipjónustu f.h. Miðhrauns ehf, sem er eigandi jarðanna Miðhrauns I og Borgar í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Sótt er um leyfi til að rífa eftirfarandi mannvirki á jörðinni Miðhrauni I lnr. 136156:

- Véla- og verkfærageymsla byggð árið 1957, stærð 88 m².

Sótt er um leyfi til að rífa eftirfarandi mannvirki á jörðinni Borg lnr. 136122:

- Fjós byggt árið 1972, stærð 227,2 m².
- Braggi sem líklega er óskráður í Landskrá fasteigna.

Sótt er um leyfi til að rífa eftirfarandi mannvirki á jörðinni Borg 2 lnr. 174498:

- Íbúðarhús byggt árið 1929, stærð 230,1 m².

Ekki stendur til að reisa ný mannvirki á jörðunum í stað ofangreindra mannvirkja.

Samþykkt með þeim áskilnaði að viðkomandi eignir séu veðbandalausar skv. veðmálabókum sýslumanns.

4. Erindi dags. 19.07.2007 frá Landvernd varðandi Múlavirkjun.

Í erindinu koma fram athugasemdir Landverndar við málsmeðferð vegna Múlavirkjunar og þess krafist, með tilvísun í 56. gr. skipulags- og byggingarlaga, að þegar í stað verði séð til þess að virkjunin verði lagfærð til samræmis við þau gögn sem lágu til grundvallar þegar Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að virkjunin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur kemur fram sú skoðun Landverndar að með byggingu virkjunarinnar hafi verið brotið á skipulags- og byggingarlögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum, án þess að nefndin hafi tekið á málinu þrátt fyrir lögboðna skyldu sína til þess.

Í ljósi þess að í vinnslu er greinargerð um stöðu framkvæmda við Múlavirkjun vill nefndin að svo stöddu ekki taka afstöðu til efnisatriða í erindi Landverndar fyrr en niðurstaða þeirrar greinargerðar liggur fyrir. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að svara erindinu.

5. Erindi dags. 14.09.2007 frá Landvernd varðandi Múlavirkjun.

Með vísan í upplýsingalög óskar Landvernd eftir að fá afrit af byggingar- og framkvæmdaleyfum sem gefin hafa verið út vegna framkvæmda við Múlavirkjun. Einnig afrit af umsóknum framkvæmdaraðila og fylgigögnum sem með þeim kunna að hafa fylgt.

Byggingarfulltrúa falið að svara erindinu.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

6. Erindi móttakið 5. október 2007 frá Guðrúnu S. Magnúsdóttur f.h. eigenda að jörðinni Hólum í Helgafellssveit.

Óskað er eftir leyfi til að skipta jörðinni Hólum í Helgafellssveit í 4 hluta. Meðfylgjandi er uppdráttur dags. ágúst 2007, unnin af Ólafi Guðmundssyni, Akranesi.

Nefndin samþykkir erindið með þeim áskilnaði að skilað verði inn til byggingarfulltrúa lagfærðum uppdrætti þar sem skurðpunktar lóða eru hnitsettir.

7. Erindi dags. 03.10.2007 frá Sigurði Ingólfssyni ráðgjafarþjónustunni Hannarr í Reykjavík og Ullu R. Pedersen hjá Landlínunum í Borgarnesi, fyrir hönd landeiganda jarðarinnar Hrísa í Helgafellssveit.

Óskað er eftir að endurskoðað deiliskipulag vatnsaflsvirkjunar í landi Hrísa í Helgafellssveit verði afgreitt sbr. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Skipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:5000 (í stærð A1) ásamt greinargerð, yfirlitsmynd, skýringum og hnitaskrá er meðfylgjandi erindinu, unnin af Landlínunum í Borgarnesi. Einnig er meðfylgjandi bréf umsagnaraðila þ.e. frá Fornleifavernd ríkisins, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Orkuveitu Reykjavíkur.

Nefndin samþykkir framlagða deiliskipulagstillögu dags. 11.09.2007.

Í ljósi þess að ekki liggur fyrir staðfest aðalskipulag fyrir Helgafellssveit, er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að óska meðmælis Skipulagsstofnunar til að auglýsa skipulagstillöguna í samræmi við 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í Skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

8. Önnur mál.

Ekkert var tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Sign.: